

Stofnanasamningur milli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og SFR – stéttarfélags í almannajónustu

samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 9. mars 2005.

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til félagsmanna SFR – stéttarfélags í almannajónustu sem eru í starfi hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

2. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um að launakerfið:

- verði gegnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- sé í samræmi við stefnu stofnunarinnar.
- hvetji starfsmenn til þess að ná markmiðum starfseininga.
- komi í veg fyrir launamun, þ.e. að greidd verði sambærileg laun fyrir sambærileg störf.
- gefi kost á að frammistaða og hæfni einstaklinga í starfi sé metin.

3. Starfaflokkar, starfslýsingar

Aðstoðarmaður

Hefur umsjón með ræstingu

Afgreiðslumaður

Starfið felst í umsjón með miðasölu og símavörslu ásamt kaffiumsjón

Fjármálafulltrúi

Hefur umsjón með frágangi á öllum launum ásamt peningastreymi stofnunarinnar og skil á reikningum til Fjársýslu ríkisins.

Kaffiumsjón

Hefur umsjón með kaffiveitingum til hljómsveitarinnar og sér um frágang veitinga

Markaðsstjóri

Sér um kynningar- og markaðsmál Í. Hefur frumkvæði að mótum kynningar og markaðsstefnu og tekur ákvarðanir í samráði við framkvæmdastjóra um fjárhagslegar skuldbindingar vegna markaðsmála.

Starfsmannastjóri

Skipuleggur starf hljóðfæraleikara, sér um ráðningu þeirra, boðun á æfingar og verkáætlun

Sviðsmaður

Aðstoðar við uppsetningu vegna tónleikahalds og æfinga ásamt umsjón með öllum hljóðfærum og sviðsbúnaði hljómsveitarinnar. Einnig ýmis umsjónar- og sendlastörf.

Ráðsmaður (Sviðsstjóri)

Hefur umsjón með uppsetningu vegna tónleikahalds og æfinga ásamt umsjón með öllum hljóðfærum og sviðsbúnaði hljómsveitarinnar. Einnig ýmis umsjónar- og sendlastörf.

3.1 Grunnröðun í launaflokka

Við mat á því hvernig starfi er raðað í launaflokka skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsfólki raðað í launaflokk miðaða við það. Eftirfarandi skal vera grunnröðun fyrir hvern starfaflokk:

<u>Starfsheiti</u>	<u>Grunnröðun</u>
Aðstoðarmaður	11
Afgreiðslumaður	14
Fjármálafulltrúi	17
Kaffiumsjón	11
Markaðsstjóri	23
Starfsmannastjóri	17
Sviðsmaður	12
Ráðsmaður(Sviðstjóri)	15

4. Viðbótarforsendur við mat launaflokka

4.1 Starfsreynsla

Starfsmaður sem öðlast hefur starfsreynslu hjá SÍ skal hækka um launaflokka sem hér segir:

Eftir eitt ár skal starfsmaður hækka um	1 launaflokk.
Eftir fimm ár skal starfsmaður hækka um	1 launaflokk

Samtals allt að 2 launaflokkar

Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er því talin til starfsreynslu hjá SÍ að hluta eða öllu leyti.

4.2 Menntun

Hafi starfsmaður hlotið menntun sem nýtist í starfi ekki er tekið tillit til í grunnröðun starfs, skal meta eftirfarandi menntun sem hér segir:

Eins - tveggja vetra nám	1 launaflokkur
3ja vetra nám	1 launaflokkur til viðbótar

4.3 Starfsnám og símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun sem viðurkennd er að samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

Eftir 60 kennslustundir	1 launaflokkur
Eftir 120 kennslustundir	2 launaflokkur
Eftir 200 kennslustundir	3 launaflokkar

Samtals allt að 3 launaflokkar

Starfsmenntun/ námskeið, sem starfsmaður hefur aflað sér sl. 3 ár skal metin á sama hátt.

4.4. Annað

Við röðun starfsmanna má taka tillit til eftirfarandi persónubundinna þátta varðandi mat á hæfni og frammistöðu þeirra.

- Starfið felur í sér sértaka ábyrgð
- Starfið felur í sér flókin verkefni
- Starfinu fylgir kennsla eða leiðbeiningar til annars starfsfólks
- Starfinu fylgir ráðgjöf inna SÍ eða utan.
- Starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- Starfsmaður sinnir starfi á einni eða fleiri starfsstöð
- Starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi.
- Starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- Starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi.

5. Endurskoðun og gildistími

Samkomulag þetta skal endurskoða samkvæmt ákvæðum 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra, eða þegar annar aðili óskar þess. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

Samningur þessi gildir frá 01.05.2007.

Reykjavík, 08. 10. 2007.

F.h. SFR

F.h. Sinfóníuhljómsveitar Íslands